



# Fundargerð

1. fundar stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2016-2018, haldinn  
miðvikudaginn 4. maí 2016 kl.17:15 í sal A, á 3. hæð í Íþróttamiðstöð ÍSÍ

Mætt: Árni Þorsteinsson framkvæmdastjóri og stjórnarmennirnir, Björg Ágústsdóttir, Eiríkur Mörk, Freyr Ólafsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Lóa Björk Hallsdóttir, sátu fundinn. Gunnar Svavarsson, Helgi Haraldsson, Lovísa Hreinsdóttir og Sonja Sif Jóhannsdóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

## 1. Boðun og dagskrá fundar

Samþykkt.

## 2. Fundargerðir

Engin fundargerð lá fyrir.

## 3. Fundarsköp, vinnufyrirkomulag stjórnar og vinnutæki

Formaður ræddi stuttlega verkaskipan stjórnar. Skipan gjaldkeri er ljós en önnur verkaskipting stjórnar lögð fyrir næstu fundi. Formaður sýndi notkun á nýjum áhugaverðum veftólum til verkefnastjórnunar (Trello og Worklife). Stjórn var sammála um að halda góðri einbeitingu og vinnuanda á fundum og því yrðu farsímar og (aðrar) tölvur aðeins notaðar fyrir fundarvinnu. Stefnt á að fundir séu snarpir á bilinu 60-90 mínútur. Vísað verði í fundargerðum á númer á Verkefnaborði FRÍ innan sviga, t.d. (#33).

## 4. Farið hringinn

Fundarmenn kynntu sig stuttlega og sögðu af hverju þeir væru að störfum fyrir FRÍ. Margskonar áhugaverðir hvatar og hugsjónir hafa ýtt fólki af stað inn í þetta verkefni.

## 5. Frágangur á þinggerð eftir 60. þing FRÍ

Vinna að því að ganga frá fundargerðum, þinggerð, tilögum og lögum í fullri vinnslu af starfsnefnd. Verður sent til laganefndar á næstu dögum. (#32)



## 6. Brýnustu verkefni

### 6.1 Smáþjóðamótið 11. júní á Möltu.

Loka val og skráning vegna Smáþjóðamótsins þarf að fara fram eigi síðar en 9. maí. Samþykkt að stofna starfsnefnd um verkefnið sem nýtir krafta og þekkingu Íþrótt- og afreksnefndar við val á keppendum og þjálfara- og stoðteymi (#40 og #24).

### 6.2 Framlag íþróttamanna vegna landsliðsverkefna

Samkvæmt samþykkt 60. Frjálsíþróttapings skal ný stjórn ákveða framlag íþróttamanns/félags vegna landsliðsverkefna og gefa út viðmið fyrir lok maí. Samþykkt að stofna starfsnefnd til að vinna málið að næsta stjórnarfundum. (#36)

### 6.3 Val á ungmenni EAYL

Verulega áhugavert verkefni er á borðinu frá EAA en Evrópusambandið býður ungmenni 18-26 ára til að taka þátt í ráðstefnu ungmenna (European Athletics Young Leaders) í Amsterdam í tengslum við EM í frjálsíþróttum 5. – 10. júlí n.k. Samþykkt að stofna starfsnefnd sem útfærir hlutlægt matskerfi til að meta umsækjendur sem síðan verður notað til að raða upp umsækjendum fyrir lokaákvörðun stjórnar. (#35)

## 7. Uppgjör við fyrrverandi framkvæmdastjóra FRÍ

Formaður hefur unnið að samkomulagi við fyrrverandi framkvæmdastjóra. Horfir mjög vel með það samkomulag. Samþykkt að formaður fái umboð stjórnar til að ganga frá heildar samkomulagi um fullnaðar og endanlegt uppgjör sem báðir aðilar eru sáttir við. (#33)

## 8. Skrifstofa FRÍ

Samþykkt var að stofna starfsnefnd, skipaða af formanni auk tveggja valinna stjórnarmanna til að vinna greiningu á rekstri og framtíðar verkefnum skrifstofu FRÍ. Nefndin mun vinna af krafti og eru ætluð skil áfangaskýrslu á væntum fundum 25. maí. (#34)

## 9. Afreksstefna FRÍ

Starfsnefnd um afreksstefnu var skipuð á þingi. Formaður mun nálgast nýjasta starfsskjal frá fyrrverandi formanni til að tryggja góða samfellu í starfi frá þingi. (#37)

## 10. Önnur mál

- Rætt var um framhald stefnumótunarvinnu sem FRÍ vann með sambandsaðilum 2014-2015. Fundarmenn sammála um að skoða þá vinnu aftur þegar upphafssprettur nýrrar stjórnar er frá.
- Formsatriði varðandi frágang prókúru tekin fyrir og afgreidd af stjórn.
- Næsti fundur: Ákveðið var að hafa næsta fund, miðvikudaginn 11. maí kl. 17:15 á sama stað. Framkvæmdastjóri bókar fundaraðstöðu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:56

Fundargerð ritaði: Fríða Rún Þórðardóttir